

LAUGARDAGUR 26. APRÍL 1975

Trilla ferst með tveim mönnum

Það hörmulega slys varð í gærmorgun, að 1½ tonns trilla frá vistheimilinu á Viðnesi ferst við Kjalarnes og með heimi tveir ungir menn.

Mennirnir fóru á trillunni til grásleppuveiða snemma í gærmorgun og ætluðu að koma aftur um hádegisbilið. Á þessum slóðum var suðlæg átt, 6—7 vindstig og haugasjór. Þegar mennirnir voru ekki komnir nokkru eftir hádegi var farið að svipast um

eftir þeim og síðar héldu leitarflokkar af stað og flugvél var fengin til leitar. Fundu leitarmenn lík annars mannsins í fjörinni fyrir neðan Sjávarhóla á Kjalarnesi og varð mönnum þá ljóst, að eitthvað hafði komið fyrir bátinn. Þegar Mbl fór í prentun var ekki húið að finna lík hins mannsins né flak bátsins.

Nófn manna verða ekki birt að svo stöddu vegna ættingja þeirra.



2

MORGUNBLAÐIÐ, SUNNUDAGUR 27. APRÍL 1975

Brak finnst úr trillunni sem ferst í fyrradag

Í GÆRMORGUN fannst brak rekið á fjörur á Kjalarnesi og er það talið vera úr trillunni sem ferst á þessum slóðum í fyrradag. Í gær leituðu sveitir Slysavarnafélagsins frá Kjalarnesi og Mosfells-sveit að líki annars mannsins sem ferst með trillunni en lík hins fannst rekið í fyrradag í fjörinni fyrir neðan bæinn Sjávarhóla á Kjalarnesi. Mennirnir sem fórust hétu Ragnar Már Jónsson, 21 árs gamall og verkstjóri hjá Viðnesbúinu, og Stefán Ragnar Guðlaugsson, 35 ára gamall, vistmaður í Viðnesi. Ragnar Már var fæddur 3. ágúst 1953 og átti lögheimili að Njálsgötu 47. Hann lætur eftir sig konu og lítið barn. Þau gengu í hjónaband fyrir aðeins viku síðan. Stefán Ragnar var fæddur 13. júlí 1939 og átti lögheimili að Kaplaskjálsvégi 71.

Mennirnir héldu af stað á trillunni frá Viðnesi milli klukkan 8 og 9 á föstudagsmorguninn. Trillan er 1½ tonn og í eigu Viðnesbúsins. Ætluðu þeir að vitja um 10 grásleppunet sem þeir áttu í

sjó og leggja önnur 10 net. Sást til trillunnar frá Sjávarhólum um hádegisbilið svo ferðin þangað hefur gengið vel. Eins og fram kom í Mbl í gær var hvassviðri á þessum slóðum og töluverður sjór. Þarna er skerjött og er talið að báturinn hafi lent á skeri og brotið á honum. Þegar báturinn kom ekki til Viðness á tilsettum tíma var farið að óttast um menningu og sá ötti fékk staðfestingu þegar lík annars mannsins fannst rekið.



Undankeppni Íslandsmótsins í bridge lýk þátt í keppninni. Spilað er í Domus Med Emilla þessa mynd á fyrsta degi keppninn

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins hefst á lau

LANDSFUNDUR Sjálfstæðisflokksins hefst laugardaginn 3. maí n.k. Morgunblaðið fékk þær upplýsingar hjá Sigurði Hafstein,

framkvæmdastjóra flokksins, að fundurinn yrði settur í Háskólabíói kl. 14 með ræðu formanns Sjálfstæðisflokksins, Geirs Halldórssonar, formanns flokksins. Sjá

umræ kvær skýrs síðast